

Ættfræði

Umsjón: Kjartan Gunnar Kjartansson

Storafmæli

100 ára

Tryggvi Helgason,
Austurbrún 2, Reykjavík.

90 ára

Bára Stefánsdóttir,
Vetrarbraut 15, Siglufirði.
Björgvín Halldórsson,
Grandavegi 47, Reykjavík.

75 ára

Áslaug V. Jónsdóttir,
Njálsgötu 47, Reykjavík.
Jarþróður Guðmundsdóttir,
Fannborg 3, Kópavogi.

70 ára

Jens
Sumarliðason,
Hörðalandi 10,
Reykjavík.
Hann verður
að heiman
á afmælisdaginn.Ketill Axelsson,
Ægisíðu 70, Reykjavík,
verður sjötugur á skírdag.
Eigin kona hans er Margrét
Gunnlaugsdóttir.
Pau munu taka á móti
ættlingjum og vinum í Odd-fellowhúsinu, Vonarstræti, milli kl. 17
og 19 á afmælisdaginn. Ketill afþakkar
afmælisgjafir en þeim sem vilja gleðja
hann er bent á Barnaspítalaskóla Hring-
ins, reikningsnr. 101-26-450, í Lands-
banka Íslands.

Stefán B. Einarsson,

Keilusiðu 12c, Akureyri.
Þorfinnur Jóhannsson,
Hrauntungu 20, Hafnarfirði.

50 ára

Björg Valgeirsdóttir,
Hrísholti 10, Selfossi.
Guðrún Antonsdóttir,
Skípasundi 56, Reykjavík.Margrét Guðjónsdóttir,
Brekkgötu 46, Þingeyri.
Tryggvi Jakobsson,
Viðimel 37, Reykjavík.

40 ára

Bessi Gunnarsson,
Einholti 4c, Akureyri.
Curtis Pendelton Snook,
Huldulandi 26, Reykjavík.
Eyrún Ósk Jensdóttir,
Suðurgötu 100, Hafnarfirði.

Hafþór Hermannsson,

Bakkasiðu 7, Akureyri.

Helgi Einarsson,

Leirubakka 24, Reykjavík.

Hilmar Þórarinnsson,

Huldubraut 6, Kópavogi.

Ketill Hallgrímsson,

Ásgerði 5, Reyðarfirði.

Kristín Þórdís Ragnarsdóttir,

Svarthömrum 32, Reykjavík.

Sigurður Hafliði Árnason,

Álfhólsvægi 59, Kópavogi.

Sævar Steingrímsson,

Birkihlíð 4, Sauðárkróki.

Vilberg Viggósson,

Brekkestíg 35c, Njarðvík.

Áskrifendur
fá **10%**
aukaafslátt af
smáauglýsingum

DV

allt milli himins og jarðar

Smáauglýsingar

DV
550 5000

Andlát

Nina Björk Árnadóttir skáld, Flyðu-
granda 6, dó í Reykjavík sunnudaginn
16.4.Steinn Hall, Vesturgötu 52, Reykja-
vík, andaðist á Landspítalanum Foss-
vog, mánudaginn 17.4.Marvin Minske, Waseca, Minnesota,
lést fimmtudaginn 13.4.Ólafur Sigurðardóttir, frá Teyngingalæk,
síðast til heimilis í Engihjalla 3, Kópa-
vogi, lést sunnudaginn 16.4. sl. á
Sunnuhlíð í Kópavogi.Haraldur Sigurgeirsson, Spítalavegi 15,
Akureyri, andaðist á dvalarheimilinu Hlíð
laugardaginn 15.4.Systir María Hildegard, fyrrv. priorinna
á St. Jósefsspítala Landakots, andaðist
á hjúkrunarheimili reglunnar í Kaup-
mannahöfn mánudaginn 17.4.

Folk í fréttum

Hannes Hlífar Stefánsson
stórmeistari í skákHannes Hlífar Stefánsson, stór-
meistari í skák, Miðstræti 10,
Reykjavík, varð einn í efsta sæti á
Reykjavíkurskáknotinu sem lauk á
fimmtudaginn var.

Starfsferill

Hannes Hlífar fæddist í Reykja-
vík 8.7. 1972 og lærði að tefla fimm
ára. Hann gekk kornungur í Tafl-
félag Reykjavíkur, varð skákmeis-
tari þess 1986, unglingsmeistari 1981
og 1987, vann einstaklingskeppni í
norrænni skólaskák 1983-87 og 1990,
varð skólaskákmeistari Reykjaví-
kur í yngri flokki 1984 og skólaskák-
meistari Íslands í Bolungarvík 1984,
varð drengjameistari Íslands í
flokki fjórtán ára og yngri 1984-86
og í þessum aldursflokki á skák-
þingi Reykjavíkur 1985 og haust-
móti TR 1985, varð skólaskákmeis-
tari Reykjavíkur í eldri flokki 1986
og 1987 og skólaskákmeistari
Íslands sömu ár.Hannes varð heimsmeistari ung-
linga í skák, sextán ára og yngri, í
Innsbruck í Austurríki 1987, varð
alþjóðlegur skákmeistari á Íslands-
mótinu í Hafnarfirði 1988, var sigur-
vegari á IBM-skáknotinu í Reykja-
vík 1988, sigraði á alþjóðlegu skák-
móti á Gausdal í Noregi 1990 og náði
þar fyrsta áfanga sem stórmeistari í
skák, náði öðrum áfanga í Reykja-
víkurskáknotinu 1992 og varð stór-
meistari á Olympískáknotinu í
Manilla 1993.Hannes sigraði á alþjóðlegu skák-
móti í Kaupmannahöfn 1998, á afar
sterku móti í Andwerpen í Belgíu
1998 og ávann sér rétt til að keppa á
heimsmeistaramótinu í Las Vegas
1999, varð Íslandsmeistari í skák á
Skáknoti Íslands 1998 og sigraði nú
á Reykjavíkurskáknotinu.

Fjölskylda

Sextug

Auður Alexandersdóttir
skrifstofumaður í SnæfellsbæAuður Alexandersdóttir skrif-
stofumaður, Háarífi 33, Rífi, Snæ-
fellsbæ, er sextug í dag.

Starfsferill

Auður fæddist að Hjarðarfelli í
Miklaholtshreppi en ólst upp á
Stakkhamri. Hún var starfsmaður
við Landsbanka Íslands 1980-90 en
hefur síðan starfað á skrifstofu Vél-
smíðju Árna Jóns á Rífi.

Fjölskylda

Auður giftist 11.7. 1959 Smára
Jónasi Lúdvíkssyni, f. 14.3. 1938,
húsasmíðameistara. Hann er sonur
Lúdvíks Albertssonar og Veróníku
Hermannsdóttur á Rífi.Börn Auðar og Smára Jónasar
eru Alexander Kristinn, f. 18.7. 1960,
læknir á Akureyri, en kona hans er
Rósa Kristjánsdóttir og eru börn
þeirra Kristján Friðrik, Ásgeir,
Auður og Ásdís Rós; Lúdvík Ver, f.
29.8. 1961, kennari og skipstjóri á
Rífi, en kona hans er Anna Þóra
Böðvarsdóttir og er sonur þeirra
Smári Jónas; Örn, f. 5.10. 1967,
rekstrartækniþræðingur í Reykja-
vík en kona hans er Edda Gunnars-
dóttir og eru dætur þeirra Ásta Jón-ina og Auður
Alexandra;
Hildigunnur,
f. 7.2. 1969
nemi við
Listaháskóla
Íslands en
maður henn-
ar er Árni
Hermanns-
son og er sonur þeirra Hermann.Systkini Auðar: Guðbjartur, f.
16.8. 1931, bóndi í Miklaholti; Bjarni,
f. 20.11. 1932, bóndi á Stakkhamri;
Hrafnkell, f. 12.2. 1934, húsasmíða-
meistari í Stykkishólmi; Guðrún, f.
14.8. 1935, húsmóðir í Ólafsvík; Þor-
björg, f. 13.12. 1941, húsmóðir í Rífi;
Magnús, f. 24.3. 1945, skrifstofumað-
ur í Stykkishólmi; Friðrik, f. 28.10.
1947, tæknifræðingur í Reykjavík;
Helga, f. 3.7. 1952, leikskólalastjóri í
Reykjavík.Foreldrar Auðar voru Alexander
Guðbjartsson, f. 5.3. 1906, d. 21.4.
1968, bóndi og kennari á Stakk-
hamri, og Kristjana Bjarnadóttir, f.
10.11. 1908, d. 25.11. 1982, húsfreyja.Auður tekur á móti gestum á
heimili þeirra hjóna laugardaginn
22.4. eftir kl. 19.00.

Merkir Íslendingar

Magnús Kjaran stórkaupmaður fæddist
19. apríl 1890 að Vælugerði í Flóa en
átti heima í Reykjavík frá átta ára aldri.Magnús var íþróttamaður á yngri ár-
um, einn af forystumönnum Ungmenn-
félags Reykjavíkur, stundaði skauta-
hlaup, var í hópi íslenskra glímu-
manna sem fóru á Olympíuleikana
1912, og æfði golf á efri árum.Hann stundaði nám við VÍ, stundaði
síðan verslunarstörf, varð meðeigandi
verslunarinnar Liverpool 1918, aðaleig-
andi 1925-30 og síðan einn umsvifamesti
stórkaupmaður landsins. Hann var bæj-
arfulltrúi í Reykjavík, sat í stjórn Félags
Íslenskra stórkaupmanna og í stjórn Rauða
kross Íslands. Magnús lést 17. apríl 1962.Magnús var framkvæmdastjóri Alþingis-
hátiðarinnar frá Þingvöllum 1930. Honum er
öðrum fremur að þakka hve hátíðin tókst
vel. Magnús var glæsímenni á velli,
höfðingi í lund, vinamargur og vinsæll.
Hann var mikill áhugamaður um ís-
lenska ljóðlist og málaralist og átti
ómetanlegt safn sjaldgæfra bóka.
Tómas Guðmundsson hafði bókaáhuga
Magnúsar í huga þegar hann orti til
hans sjötugs þetta erindi af þremur:*Ög oss er tjáð, að einnig síðast hafni
vor eigin saga í drottins bókasafni,
og þar kváð vera sitt af hvorum að sjá.
En hvort mun þar þann höfund skorta hylli,
sem hefur sína lífsbók skrúð af snilli,
og hvorki tryggð við bók né vini brá?*

Magnús Kjaran

Hannes Hlífar Stefánsson, stórmeistari í skák
Hannes hefur fyrir löngu sannað sig sem efnilegasti skákmaður þjóðarinnar.
Hann hækkaði umtalsvert í ELO-stigum við að sigra Reykjavíkurskáknotið.Figurætt, systir Odds, langafa Guð-
mundar G. Hagalín rithöfundar.
Móðir Friðriks var Sesselja Guð-
brandsdóttir, smíðs á Hvalskeri við
Patreksfjörð, Magnúsar og
Veróníku Árnadóttur.Móðir Sesselju var Sigríður,
kennari Þórðardóttir, b. í Eystrí-
hóli í Landeyjum, Tómassonar,
bróður Ingibjargar, ömmu Guðrún-
ar Helgadóttur rithöfundar. Móðir
Þórðar var Jóhanna Jónsdóttir, pr. í
Kálfholti, Sigurðssonar, talinn laun-
sonur Jóns Þorlákssonar, pr. og
skálds á Bægisá. Móðir Jóhónnu
var Guðný Jónsdóttir, b. á Kirkju-bæjarklaustri, Magnúsar, föður
Þorunnar, ömmu Jóhannesar Kjar-
val. Móðir Sigríðar var Guðrún,
systir Boga yfirkennara og Jóns,
bankastjóra. Guðrún var dóttir
Ólafs, b. í Sumarliðabæ í Holtum,
Þórðarsonar og Guðlaugar Þórðar-
dóttur. Móðir Ólafs var Helga Gunn-
arsdóttir, b. í Hvammi Einarssonar,
og Kristínar Jónsdóttur, b. á Vind-
ási, Bjarnarsonar Halldórssonar, æt-
föður Víkingslækjarættar þeirra
Jóns Helgasonar, Davíðs Oddssonar,
Guðlaugs Tryggva og Benedikts
Sveinssonar.

Fertugur

Árni Pálsson
rannsóknarlögreglumaður
á SauðárkrókiÁrni Pálsson, rannsóknarlög-
reglumaður á Sauðárkróki, Lauga-
túni 7, Sauðárkróki, varð fertugur í
gær.

Starfsferill

Árni fæddist í Reykjavík en ólst
upp við Hverfisgötuna í Hafnarfirði.
Hann lauk 3. stigs prófi frá
Stýrimannaskólunum í Reykjavík
1986, og prófum frá Lögregluskóla
ríkisins 1993.Árni var háseti, bátsmaður og
stýrimaður á skipum Eimskipa-
félags Íslands 1977-91, en hóf störf
hjá Lögreglunni í Reykjavík 1990 og
hefur stundað löggæslustörf síðan.
Árni hefur leyst af sem aðstoðar-
varðstjóri og varðstjóri á Austfjörð-
um og er nú starfandi rannsóknar-
lögreglumaður á Sauðárkróki.Árni var varaformaður og síðan
formaður Nemendafélags Stýri-
mannaskólans í Reykjavík 1984-85.
Hann hefur verið stjórnarmaður í
IPA, íslenski deild, frá 1995.

Fjölskylda

Árni kvæntist 24.8. 1991 Þuríði
Ingvarsdóttur, f. 30.6. 1956, deildar-stjóra mál-
efna fatlaðra
hjá sveitar-
félaginu Skagafirði. Hún er dóttir
Ingvars Ívarssonar sem lést 1990, og
Guðrúnar Þorsteinsdóttur, fyrrv.
ræstingastjóra í Hafnarfirði.Dætur Þuríðar eru Margrét Betty,
f. 8.8. 1975, nemi við KHÍ, gift Sigur-
þór Rúnari Jóhannessyni húsasmíð;
Jóhanna Björk, f. 22.8. 1980, nemi,
gift Eiríki Unnari Kristbjörnssyni
verkamanni.Sonur Árna er Elías Ingi Árna-
son, f. 12.8. 1983, nemi við FNV.Dóttir Árna og Þuríðar er Alma
Hrund Árnadóttir, f. 29.12. 1989.Systir Árna er Ingibjörg Pálsdóttir,
f. 26.11. 1951, búsett í Keflavík.Hálfystur Árna, samfeðra, eru
Íris og Kristín.Foreldrar Árna: Páll Ingimars-
son, f. 25.11. 1928, d. 11.12. 1996, bif-
reiðaeftirlitsmaður, og Gróa Svan-
heiður Árnadóttir, f. 13.4. 1930,
fyrrv. verslunarmaður.Árni og Þuríður taka á móti
ættlingjum og vinum í bústað nr. 68
í Munaðarnesi miðvikudaginn 19.4.
frá kl. 19.00.

Jarðarfarir

Kveðjuathöfn um Sigríði Ásgeirsdóttur
frá Flateyri, fer fram frá Fossvogskirkju
miðvikud. 19.4. kl. 15.00. Jarðsett frá
Ísafjarðarkirkju laugard. 22.4. kl. 14.00.Grettir Jóhannesson, Gullsmára 9,
Kópavogi, áður á Skarði í Þykkvabæ,
verður jarðsunninn frá Digraneskirkju
miðvikud. 19.4. kl. 13.30.Karl Kristinn Kristjánsson, Kirkjubraut
5, Akranesi, verður jarðsunninn frá Akra-
neskirkju miðvikud. 19.4. kl. 14.00.Ásta Þóra Jónsdóttir, Tómasarhaga 36,
Reykjavík, verður jarðsunninn frá Nes-
kirkju miðvikudaginn 19.4. kl. 10.30.
Elin Ólafsdóttir, Bræðraborgarstíg 37,
verður jarðsunninn frá Neskirkju
miðvikud. 19.4. kl. 15.00.Leifur Þorbjarnarson bókbindari, verður
jarðsunninn frá Fossvogskirkju miðvikud.
19.4. kl. 13.30.